

Nefndasvið Alþingis,

Reykjavík 21. nóvember 2013

b.t Velferðarnefndar

**Efni: Umsögn VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, þingskjal 89**

Áhrif geðheilbrigðis þjóðarinnar gætir víða. Mikil fjölgun einstaklinga sem glíma við geðraskanir inn í örorku er mikið áhyggjuefni hér á landi sem og í öðrum OECD löndum. Það er mikilvægt að tryggja góða þjónustu fyrir þennan hóp og það er mikilvægt að byggð sé betri brú milli heilbrigðisþjónustu, heilsugæslu og starfsendurhæfingar hér á landi. Þannig sé tryggt að einstaklingar fái árangursríka og góða þjónustu á réttum tíma.

Það er sérstakt áhyggjuefni að horfa til ungu einstaklinganna sem stríða við alvarlega geðsjúkdóma og þess úrræðaleysis sem gætir í kerfinu í dag. Mikil aukning hefur orðið síðustu ár á örorku þegar kemur að yngsta aldurshópnum. Það þarf að skoða og greina þessa þróun og ástæður hennar sérstaklega. Nokkrar Evrópuþjóðir hafa m.a. brugðist við með þeim hætti að aldurstakmark vegna örorku hefur verið hækkað en lífeyrir er samt sem áður tryggður með aukinni kröfu um þátttöku í virkni og endurhæfingu.

Forvarnir þyrftu að vera öflugri þegar kemur að geðheilbrigði. Auka þarf almenna þekkingu á geðsjúkdómum og afleiðingum þeirra og vinna þannig markvisst gegn fordómum í samfélaginu. Forvarnir á vinnustað skipta hér miklu máli enda hafa rannsóknir sýnt að þær geta skilað miklum ávinningi þegar kemur að geðheilbrigði. Vinnustaðir sem stuðla að aukinni hreyfingu, hollu mataræði og streitustjórnun geta þannig komið í veg fyrir að algeng vandamál eins og þunglyndi og kvíði þróist út í alvarlegri sjúkdómsmynd. Einnig er mikilvægt að auka fræðslu um geðheilbrigði á vinnustöðum til að tryggja umburðarlyndi og skilning og auka þannig líkur á farsælli endurkomu einstaklinga til starfa í kjölfar fjarvista vegna veikinda.


Það er mikilvægt að mótuð sé stefna og skýr aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum og VIRK fagnar því að það sé gert. Við viljum hins vegar benda á að í þingskjalinu er hvergi minnst á VIRK eða hlutverk starfsendurhæfingarsjóða samkvæmt lögum nr. 60/2012. Staðreyndin er hins vegar sú að á undanförunum 4 árum hafa um 5600 einstaklingar leitað til VIRK og um 40% af þessum hópi eða um 2.200 manns glímu við geðræn vandamál af ýmsum toga. Aðsókn í þjónustu á vegum VIRK eykst stöðugt og um 66% fleiri nýir einstaklingar hafa komið í þjónustu núna haustið 2013 miðað við sama tíma í fyrra. Hjá VIRK fá einstaklingar fjölbreytta aðstoð s.s. í formi ráðgjafar, hvatningar, sálfræðiþjónustu, námskeiða, líkamsræktar, sérhæfðra starfsendurhæfingarúrræða og fleira. Ráðgjafar VIRK vinna náið með heimilislæknum, meðhöndlandi læknum og öðrum aðilum innan heilbrigðiskerfisins og tryggð er viðeigandi þverfagleg aðkoma að öllum málum. Um 70% þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK hafa vinnugetu og fara annað hvort beint í launað starf, í atvinnuleit eða í lánshæft nám. Starfsendurhæfing með áherslu á þverfaglega aðkomu í góðu samstarfi við heilbrigðiskerfið skilar því afar góðum árangri bæði fyrir einstaklingana og samfélagið í heild sinni.

VIRK hefur unnið að því með markvissum hætti að efla samstarf við bæði heilsugæslustöðvar um allt land sem og geðdeild Landspítalans og aðrar endurhæfingarstofnanir. Þetta samstarf skilar góðum

árangri og eflir alla aðila til að veita betri, hagkvæmari og árangursríkari þjónustu. Kerfið er samt sem áður ennþá mjög sundurleitt og það skortir verulega á heildarsýn og stefnumörkun í þessum málaflokki og því ber að fagna að úr því sé bætt.

Með kærri kveðju,

F.h. VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri